



Hafnarfirði, 25.10.2019

1806317 GþG

Efni: Fundargerð frá 4 íbúafundi þann 15.10.2019 í Hafnarborg.

Kristín Th. formaður Hafnarstjórnar opnaði fundinn.

Pormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi kynnr ferli skipulagsmála. Gildi rammskipulags og stöðu þess innan skipulagslaga. Farið var yfir gildandi skipulag.

Arkitekt hönnunarteymisins Orri Steinarsson kynnti drög að rammaskipulagi. Farið var yfir skipulagsforsendur. Breytt hlutverk hafnarinnar og aðra þætti sem hafa áhrif á mótun skipulagsins. Lögð er áhersla á skynsamlega nýtingu lands í samræmi við SSH (svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins) og líkt og annars staðar í öðrum borgum er horft til þéttingar byggðar. Samkeppnislýsing hefur verið veganesti við þá vinnu sem nú er í gangi. Markmiðið er að skapa framtíðarsýn og ramma fyrir svæðið.

Með íbúafundum er óskað eftir ábendingum íbúa og að skapa megi góðan hljómgrunn að því sem verða skal. Að sátt megi vera um framtíðarsýn og hlutverk hafnarinnar.

Tillögurnar tvær sem unnu fyrstu verðlaun í samkeppni um höfnina voru kynntar. Áherslur þeirra og hvernig þær tvinnast saman. Tillaga teymisins var vel kynnt og farið var yfir þá þætti sem hafa ber í huga við frekari vinnu við skipulag.

Athugasemdir og spurningar bárust úr sal.

Spurt var um nýtingarhlutfall og hvaðan þær tölur koma. Nýtingarhlutfall og uppbygging á fyrirhuguðum lóðum eru í takt við áherslur sveitarfélaga og miða við íslenskar aðstæður. Kynningarferli vegna vinnu við rammaskipulag á hafnarsvæðinu er hafið. Vinnan verður kynnt bæjarbúum og athygli vakin á verkefninu með auglýsingu í blöðum og á heimasíðu bæjarins.

Áhyggjur komu fram vegna aðkomu lóðarhafa og annarra hagsmunaaðila við vinnuna og óskað eftir að íbúar fengju jafn mikið vægi og þeir. Umferðarmál og hvernig koma eigi fyrir þeirri umferð sem fylgir uppbyggingunni á götum bæjarins voru rædd. Liggja þar fyrir tölur sem verkfræðistofan Mannvit hefur unnið bæði hvað varðar umferðarpunga, stærð gatna og hvernig koma skuli fyrir bættum almenningsamgöngum við Strandgötuna.

Hæðir húsa voru rædd og áhyggjur íbúa voru að miðað yrði við hæstu húsin þegar kæmi að uppbyggingu. Í þeirri vinnu sem nú hefur verið lögð fram er miðað við 2-3 hæðir og á stöku stað í 5 hæðir á Flensborgarhafnar og slippsvæði. Skipulagið eigi að vera með þeim hætti að hæðir húsa verði breytilegar og ekki heimilt að allir fari í 5 hæðir þar sem fyrirhuguð íbúðarbyggð á að rísa á hafnarsvæðinu. Skv. gildandi skipulagi er heimild fyrir 22m háum byggingum. Með rammaskipulaginu verður er tekið á slíkum heimildum og þær



HAFNARFJÖRÐUR

endurskoðaðar í takt við fyrirhugaða uppbyggingu íbúðarhúsa á svæðinu og aðliggjandi byggð.

Mikilvægt er að tengja höfnina við miðbæinn og aðliggjandi byggð og að þeir bæjarhlutar geti styrkt hvorn annan. Útivistarsvæðið við Strandstíginn sem nú þegar er vinsælt meðal bæjarbúa er t.d. teyggt inn á hafnarsvæðið og veitir þar með aðgang sem í dag er takmarkaður.

Áhyggjur íbúa beindust jafnframt að breytingu loftslags og áhrif hækknar sjávar á fyrirhugaða byggð við höfnina. Slíkir útreikningar hafa verið teknir með inn í skipulagsvinnuna og ljóst er t.d. að hækka þarf slippsvæðið.

Með breytingu er ekki hægt að tryggja að allir haldi útsýni sínu í núverandi mynd. Í þeim drögum sem kynnt voru á fundinum kom fram að sjónásar hafa verið skoðaðir þar sem útsýni til sjávar verður áfram. Vangaveltur voru hvort settur yrði tímarammi er varðar uppbyggingu svæðisins. Sveitastjórn er heimilt að setja tímaramma þar sem uppbygging á að vera lokið eða hafin á ákveðnum svæðum innan skipulagsins t.d. 5, 10 eða 15 ár. Tilgangur skipulagsins er að setja fram framtíðarsýn og sjá fram í tímann hvernig uppbyggingu skuli háttað. Ljóst er að hafnarsvæðið er langtíma verkefni.

Íbúar lýstu því yfir að sporin hræða og óttast að uppbygging verði meiri og hærra þegar fram í sækir. Setja þarf mjög stranga og stífa skilmála og gæta þess að þeim verði fylgt með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.

Kristín Th. tekur til máls og hvetur fundargesti til að koma með ábendingar og athugasemdir á kynningartíma.

Fundi slitið kl.19:00